

Akureyri 3. september 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis **frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna**, 149. mál, persónukjör.


Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings er sammála því meginmarkmið frumvarpsins að efla lýðræði og auka áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar taka sæti í sveitarstjórn. Stjórnin gerir ekki athugasemd við þá aðferð persónukjörs sem felst í frumvarpinu, þ.e. persónukjör innan lista með forgangsröðunaraðferð, en vill koma eftirfarandi ábendingum og hugleiðingum á framfæri:

1. Stjórnin telur ótímabært að ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda í næstu sveitarstjórnarkosningum. Ástæða er til að óttast að of stuttur tími sé til næstu kosninga til að innleiða þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að tími verði til vandaðrar kynningar. Þá er einnig nauðsynlegt að til staðar verði öruggur hugbúnaður til talningar atkvæða samkvæmt nýjum aðferðum.
2. Skýra þarf betur framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Er gert ráð fyrir að þá sé einungis kosinn listi eða gert ráð fyrir að kjósandinn geti raðað á lista? Mikilvægt er að framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sé einföld, m.a. telur stjórnin koma til álita að stytta þann tíma sem hægt er að kjósa utankjörfundar.
3. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir óhlutbundnum kosningum í frumvarpinu. Huga þarf sérstaklega að og ræða aðstæður í fámennari sveitarfélögum þar sem óhlutbundnar kosningar eru algengar. Er ætlunin að hafa það fyrirkomulag með öllu óbreytt eða kemur til greina að lagður verði fram nafnalisti þeirra sem lýsa sig tilbúna til setu í sveitarstjórn? Kjósendur mundu þá raða á þeim lista án þess að um formlegan framboðslista sé að ræða.
4. Komi aðeins fram einn listi sem þar af leiðandi verður sjálfkjörinn, gefst kjósendum þá kostur á að raða frambjóðendum á þeim lista?

5. Mikilvægt er að hafa í huga þær aðstæður sem koma upp í kjölfar sameiningar sveitarfélaga. Tíðkast hefur að stilla upp á lista í kjölfar sameiningar með þeim hætti að dreifing frambjóðenda úr hinum gömlu sveitarfélögum sé tryggð.
6. Verða kosningabandalög, s.s. R-listinn í Reykjavík, út úr myndinni verði frumvarpið samþykkt, eða er mögulegt að beita persónukjörsaðferðinni við þær aðstæður?

f.h. stjórnar Eypings

  
Pétur Þór Jónsson  
framkvæmdastjóri